

165 kröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, 17. nóv. er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

166

17. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 175 1951, um menntaskóla.

1. gr.

73. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Agi skólanna skal miða að því að friða um starf þeirra og ala með nemendum iðjusemi, hófsemd og prúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sam-
einingu að glæða heilbrigðan anda í skólunum.

Nemendur mega aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í hibýlum skólans eða vanræki störf sakir vinneyzlu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi forráðamanni hans, ef til næst, verið gert aðvart um brotið. Þó getur brot nemanda verið þannig vaxið, að skólastjóri megi vísa honum burt tafar- og skilyrðislaust.

Skólastjórn getur og vikið frá prófi eða synjað um próf, einnig stúdentspróf, utanskólanemanda, sem gerzt hefur brotlegur við almennt velsæmi eða landslög.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 58/1946, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius